

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

6+1 trait-ritun

Júní 2010

Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri

Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar

Nafn skóla: Brekkubæjarskóli

Nafn verkefnisins: SÍSL – Akranesi – 6+1 trait kennsla við ritun

Nafn verkefnisstjóra: Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri Fjölskyldustofu

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er:

- Að kennrarar í leik-, grunn- og framhaldsskóla tengist betur saman og fái tækifæri til að vinna saman
- Að kennrarar í verkefninu dýpki þekkingu sína í kennslufræði ritunar 6+1 trait sem er sérstök nálgun við að kenna ritun
- Að kennrarar í verkefninu þjálfi samkennara sína á öllum skólastigum í að nota 6+1 trait nálgunina í ritun (kynning á 6+1 trait – matslista – ideas og word choice)
- Að nemendur sem læra íslensku sem annað móðurmál fái kennslu í bestu leiðum við ritun inni í bekk ásamt öðrum nemendum auk þess sem þessi kennsla nýtist öðrum nemendum mjög vel

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Fjölskyldustofa, leik- og grunnskólar Araneskaupstaðar og Fjölbautaskóli Vesturlands eru þáttakendur í SÍSL verkefninu sem ber heitið „Sérfræðiteymi í samfélagi sem lærir“ í samvinnu við Huldu Karen Danielsdóttur kennsluráðgjafa hjá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar. Markmið verkefnisins er að gera kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í Mosfellsbæ og á Akranesi að sérfræðingum í fjölmennigarlegum kennsluháttum og í bestu leiðum í námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál, móttöku innflytjenda og gagnkvæmu félagslegu aðlögunarferli allra nemenda. Þáttakendur í SÍSL verkefninu fá þjálfun í leiðum (best practices) sem þykja góðar í námi og kennslu annars tungumáls og eru notaðar víða. Um er að ræða 6+1 Trait sem leik-, grunn- og framhaldsskólinn á Akranesi tóku þátt í, PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) sem grunnskólar í Mosfellsbæ tóku þátt í og SIOP (The Sheltered Instruction Observation Protocol) sem verður unnið með í báðum sveitarfélögum.

Þáttakendur í verkefninu fá einnig þjálfun í millimenningarfærni, stöðvavinnu og fjölbreyttum lestrarleiðum ásamt fræðslu um móttöku nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál. Þeir fá einnig leiðbeiningar um hvernig vinna megi að gagnkvæmu aðlögunarferli



allra nemenda, auk þess sem kynntar eru starfendarannsóknir kennara o.fl. Bandarískir og íslenskir sérfæðingar sjá um þjálfunina.

Þær leiðir sem farnar voru við vinnu 6+1 trait verkefnisins til að ná markmiði voru eftirfarandi:

- Þáttakendur í verkefnið voru úr röðum kennara á hverju skólastigi fyrir sig
- Þáttakendur sóttu námskeið og þjálfun í 6+1 trait aðferðinni 28.-30. september 2009. Alls sóttu 24 kennarar námskeiðið og þjálfunina en 14 urðu virkir þáttakendur veturinn 2009-2010
- Þáttakendur funduðu reglulega yfir skólaárið til að skipuleggja starfs sitt, vinna saman og miðla afrakstur verkefnisins milli skóla og skólastiga
- Þáttakendur þýddu þá áherslubætti sem áhersla var á í verkefninu skólaárið 2009-2010 í samræmi við umsókn til Sprotasjóðs
- Þáttakendur dýpkuðu þekkingu sína:
 - með því að hittast reglulega og fá ólík sjónarmið
 - með því að þýða þá áherslubætti sem áhersla var á sl skólaár
 - með því að prófa aðferðir við ritun í starfi sínu og miðla reynslu sinni til þátttökukennara
 - með því að kynna og miðla þekkingu sinni í 6+1 trait til samkennara sinna
- Hluti nemendur í grunn- og framhaldskólanum á Akranesi fékk innsýn í 6+1 trait aðferðina

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Allt námsefnið í 6+1 trait er á ensku og það tók þátttökukennara nokkur tíma að móta það og aðlaga við íslenskar aðstæður. Þátttökukennrarar gáfu sér tíma til að þýða þá þætti í efninu sem áhersla var á sl. skólaár og prófa sig áfram með 6+1 trait aðferðina með nemendum í kennslu. Þessi vinna varð tímafrekari en gert var ráð fyrir og minni tími fór í að vinna með smiðjur með samkennurum. Sú áætlun að halda fastar smiðjur fyrir aðra kennara gekk því ekki eftir og þegar horft er til baka var sú áætlun e.t.v. ekki raunhæf. Verkefnið var kynnt á deildarfundum og fyrir skólastjórnendum auk þess sem þátttökukennrarar að svöruðu fyrirspurnum annarra kennara um verkefnið og aðferðina þegar leitað var eftir því.



Helsta hindrunin við vinnslu verkefnisins var að efnið var allt á ensku og það var tímafrekt að þýða þá áhersluþætti sem áhersla var á skólaárið 2009-2010 yfir á íslensku og aðlaga það. Það er mikilvægt við slíka vinnu að samræma orðalag og vanda vel til verka því sú vinna skilar sér til annarra kennara, nemenda ofl. síðar meir.

Helsti ávinningurinn við verkefnið er hversu sammála þáttöku kennarar og nemendur eru um hversu gagnleg 6+1 trait aðferðin er við kennslu ritunar. Nemendur sem tóku þátt í öllum þáttum ritunarferlisins sýndu miklar framfarir í ritun og áhugi þeirra á ritun jókst. Þáttöku kennarar eru ánægðir með að hafa tekið þátt í verkefninu og mikill áhugi er hjá þeim með að halda áfram, þróa verkefnið og miðla til annarra. Það er líka mikill ávinningur fyrir verkefnið að það skapar brú milli skólastiga í þessari kennsluaðferð svo og aukinn skilningur á kennslu á ólíkum skólastigum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið mun tvímælalaust hafa áhrif á skólastarfið í heild sinni. Áætlað er að vera með tveggja daga upprifjunar námskeið á 6+1 trait aðferðinni fyrir þáttöku kennara og aðra áhugasama kennara haustið 2010. Þar verður farið yfir efnið á íslensku og afrakstur sl. vetrar sýndur. Fjölskyldustofa, leik- og grunnskólar Akraneskaupstaðar og Fjölbautaskóli Vesturlands munu áfram vera þáttakendur í SÍSL verkefninu. En með þáttöku í verkefninu verður haldið áfram í samræmi við markmið verkefnisins að gera kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Akranesi að sérfræðingum í fjölmennigarlegum kennsluháttum og er 6+1 trait aðferðinni í ritun einn þáttur í þeiri vinnu sem ein af bestu leiðum í námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál.

Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins náðist í megin atriðum. Til marks um það er vitnisburður þáttöku kennara en þeir töldu allir að þeir höfðu dýpkað þekkingu sína á kennsluaðferðinni og horfa nú á ritun út frá víðara sjónarhorn en áður svo og farnir að skoða námsmat út frá fleiri þáttum. Nemendur sem tóku þátt í verkefninu urðu öruggari í sinni vinnu við ritun og eru ánægðir með aðferðina. Matskvarðarnir sem notaðir eru við kennslu ritunar voru þeim ljósir þannig að nemendur vissu hvers var ætlast af þeim hverju sinni og hvað þeir þurftu að gera til að bæta sig. Verkefnið mun halda áfram innan skólanna og þáttöku kennurum í verkefninu á trúlega eftir að fjölgja.



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Verkefninu er ekki lokið, í raun bara að stíga sín fyrstu skref. Þátttökukennarar hafa verið að innleiða nýja aðferð við kennslu ritunar. Slikt tekur tíma og mikilvægt að vera raunsær og gefa sér tíma til að halda verkinu áfram. Framundan er upprifjunarnámskeið á 6+1 trait sem Hulda Karen Danielsdóttir ásamt sérfræðiteymi sínu mun halda á Akranesi haustið 2010. Á því námskeiði verður farið yfir helstu þætti 6+1 trait aðferðarinnar við ritun og munu þátttökukennarar styðja það námskeið með reynslusögum og sýna unnin verkefni.

Sú áætlun sem kom fram í umsókn til Sprotasjóðs um það hvernig verði staðið að miðlun afrakstrar verkefnisins stendur. Þátttökukennarar verkefnisins skólaárið 2009-2010 eru lykilstarfsmenn í hverjum skóla til að miðla verkefninu til annarra kennarar bæði á formlegum fundum, til samstarfskennara og þegar óskað er eftir því. Þessir kennarar mynda stýrihóp sem verður starfandi áfram næsta skólaár 2010-2011 og mun hópurinn hittast reglulega miðla af reynslu sinni milli skóla og skólastiga.

Kynning og þjálfun fyrir kennara í Mosfellsbæ (sem eru einnig þátttakendur í SÍSL verkefninu) mun fara fram haustið 2011 í samvinnu við Huldu Karen Danielsdóttur kennsluráðgjafa og fræðslusvið Mosfellsbæjar.

